

Stefna VIRK varðandi fjarvistir og endurkomu til vinnu

Tilgangur:

Stefna VIRK varðandi fjarvistir og endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys er ferli sem hefur þann tilgang að styrkja ráðningarsamband einstaklinga og auka líkur á velferð og vellíðan starfsmanna.

Í stefnunni eru notuð skilgreind vinnuferli um forvarnir og viðbrögð við fjarvistum, tilkynningar og skráningu fjarvista, fræðslu og upplýsingagjöf til starfsmanna og stjórnenda, umbætur á vinnuaðstöðu og endurkomuferli til vinnu eftir veikindi. Starfsmönnum er kynnt þessi stefna og viðeigandi vinnuferli við upphaf starfs síns og nær hún yfir allar fjarvistir frá vinnu, þar með talið veikindafjarvistir starfsmanns, fjarvistir vegna veikra barna þeirra og aðrar fjarvistir og leyfi.

Skammtímafjarvistir miðast við fjarvistir sem ná allt að fjórum vikum en langtímafjarvistir miðast við fjarvistir sem vara lengur en fjórar vikur samfleytt.

Ferli vegna fjarvista:

- Tilkynna skal fjarvistir til næsta yfirmanns og fulltrúa á skrifstofu sem heldur utanum skráningu fjarvista.
- Almenn er ekki óskað eftir læknisvottorði nema yfirmaður telji ástæðu til þess.
- Yfirmaður hefur samband við veikan starfsmann á fyrstu viku veikinda til að athuga um líðan og reglulega eftir það.
- Starfsmaður í veikindum er hvattur til að viðhalda tengingu sinni við vinnustaðinn ef hann getur með því t.d. að mæta á starfsmannafundi, í kaffi og á aðra viðburði/fundi þegar við á.
- Fjarvistir starfsmanna eru skráðar af fulltrúa á skrifstofu og skoðaðar reglulega af yfirmanni. Heildarfjarvistatölur eru ekki feimnismál heldur rekstrartölur. Upplýsingar um fjarvistir einstakra starfsmanna eru persónulegar upplýsingar sem ekki eru veittar öðrum en viðkomandi starfsmanni og yfirmanni hans.
- Tíðum skammtíma veikindafjarvistum og langtímafjarvistum er fylgt eftir af yfirmanni og viðeigandi starfsmanni í sameiningu t.d. á fundi þar sem farið er yfir helstu ástæður fjarvista, starfsgetu og leiðir til að draga úr veikindafjarvistum. Notast er við formlegt samtalsform „Fjarvistasamtalið“ Yfirmaður eða starfsmaður geta einnig óskað eftir að fjarvistasamtal verði tekið þar sem farið er yfir mál starfsmannsins og honum gefst þá tækifæri til að hafa áhrif á aðstæður sínar á vinnustað með því að skoða verkefni, starfslýsingu, vinnuumhverfi, vinnutíma, sveigjanleika, samskipti og fleira.

Upplýsingar sem fram koma í samtalinu eru trúnaðarmál, þær eiga ekki að berast til annarra nema báðir aðilar samþykki það.

- Umbætur á vinnufyrirkomulagi og/eða vinnuaðstöðu er samkvæmt samkomulagi miðað við niðurstöður fjarvistasamtals. Við endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys er metin þörf fyrir sérstaka aðlögun s.s. á vinnutíma, verkefnum eða vinnuumhverfi starfsmanns.
- Starfsmanninum ber ekki skylda til að gefa upplýsingar um persónuleg eða heilsutengd mál við yfirmann/atvinnurekenda. Sjúkdómar eru einkamál en veikindafjarvera hefur áhrif á vinnustaðinn og hana þarf að ræða.
- Starfsmönnum er heimilt að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu á vinnutíma ef nauðsyn krefur.